

## MÓTTEKIÐ

16. Nóv. 2017

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Garðabær 16. nóvember 2017

Efni: Kæra vegna framkvæmdaleyfis ljósabúnaðar í bæjargarði Garðabæjar

### 1 Kæra

Með bréfi þessu kærir undirritaður til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun bæjarráðs Garðabæjar frá 17. október 2017 um að veita framkvæmdaleyfi fyrir ljósabúnaði fyrir gervigrasvöll í bæjargarði í Garðabæ. Með þessu bréfi er enn fremur kærð ákvörðun bæjarstjórnar frá 19. október 2017 þar sem framkvæmdaleyfið var staðfest.

Framkvæmdaleyfið tengist uppbyggingu á gervigrasvelli. Garðabær hefur annað hvort ekki tekið ákvörðun um eða ekki viljað gefa íbúum upplýsingar um endanlegt útlit og framtíðarnotkun vallarins. Íbúum hefur verið sagt eftirfarandi:

- Völlurinn verður lagður gervigrasi og upphitaður.
- 2 metra girðing mun verða umhverfis völinn.
- Rúmlega 9 metra háir ljóskastarar, sex að tölu, verða reistir við völinn. Ljóskastarnir eru af nýrri tegund sem aldrei hefur verið notuð áður hérlandis og því engin reynsla komin á áhrif ljóskastaranna.
- Hönnun á umhverfi vallarins liggur ekki fyrir, þ.m.t. með tilliti til mana og gróðus. Verktakar hafa allt að einu byggt upp miklar manir á svæðinu og tyrft án þess að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út fyrir því.
- Íþróttafélagið Stjarnan mun sjá um rekstur vallarins. Ekki hefur verið samið um hvernig þeim rekstri verður háttað. Stjarnan mun halda úti skipulögðu íþróttastarfi á vellinum sem verður lokað öðrum en þeim sem greiða þátttökugjald til íþróttafélagsins.
- Bæjaryfirvöld hafa ekki sett notkunarreglur fyrir völinn, þ.m.t. hvenær völlurinn verður opinn almenningi og hvenær ljóskastarar verða í gangi.
- Engin ný bílastæði eru áætluð vegna tilkomu vallarins.

Kæran byggir á því að framkvæmdin sem um ræðir sé hvorki í samræmi við gildandi aðal- né deiliskipulag fyrir svæðið og því sé um brot á skipulagslögum og stjórnsýslulögum að ræða. Þá uppfylli framkvæmdaleyfið ekki kröfur skipulagslaga um að öll hönnunargögn verði að liggja fyrir þegar framkvæmdaleyfi er gefið út. Þar með séu kröfur vegna öryggismála sem skipulagslög setja ekki uppfylltar. Einnig að sú framkvæmd sem um ræðir falli undir byggingarreglugerð og sé því byggingarleyfisskyld.

## 2 Forsaga framkvæmda við gervigrasvöllinn

Þann 31. maí 2017 kærði undirritaður, ásamt á annan tug íbúa í nágrenninu, framkvæmdaleyfi sem Garðabær veitti í 18. maí sl. vegna fyrri verkþátta við byggingu gervigrasvallar í bæjargarði. Sú kæra er enn til meðferðar hjá ÚUA.

Þann 29. ágúst 2017 bað undirritaður ÚUA um að ákvarða hvort framkvæmdin í bæjargarði sé háð byggingaleyfi. Þann 7. nóvember 2017 úrskurðaði ÚUA að bygging girðingar umhverfis völinn væri byggingaleyfisskyld.

Hér að neðan má sjá myndir af því svæði sem um ræðir áður en framkvæmdir hófust og hvernig svæðið lítur út í dag. Ljóst er að um stóra framkvæmd er að ræða og meiriháttar breytingu á umhverfi íbúa í nágrenninu.



Mynd tekin við upphaf framkvæmda í maí 2017.



Mynd tekin í lok október 2017.

### 3 Málsvæðing

#### 3.1 Aðalskipulag

Í kæru undirritaðs frá 31. maí 2017 er farið yfir aðalskipulag umrædds svæðis. Með tilvísan í þá umfjöllun ber að fella framkvæmdaleyfi Garðabæjar vegna ljósabúnaðar úr gildi þar sem það er ekki í samræmi við aðalskipulag.

#### 3.2 Deiliskipulag

Í kæru undirritaðs frá 31. maí 2017 er farið yfir deiliskipulag umrædds svæðis. Hér að neðan verður farið yfir frekari gögn sem komið hafa í ljós eftir að kæran var send.

3.2.1 Upplýsingar frá skipulagsstjóra Garðabæjar við kynningu á deiliskipulagsbreytingum  
Árið 2016 auglýsti Garðabær breytt deiliskipulag fyrir svæðið þar sem gervigrasvöllurinn rís nú. Í kynningu á breytingunum staðfesti Garðabær að ekki stæði til að reisa gervigrasvöll af því tagi sem bærinn hefur nú í hyggju fyrir íþróttafélagið Stjörnuna. M.ö.o. var íbúum talin trú um að um íþróttavöll fyrir almenning væri að ræða án flóðlýsingar. Í tölvupóstsamskiptum milli skipulagsstjóra Garðabæjar og íbúa kom eftirfarandi fram:

**Spurning íbúa:** Stendur til að byggja girðingu umhverfis boltaflötinn? Ef svo er hvaða reglur gilda um hana, svo sem hæð og útlit?

**Svar skipulagsstjóra Garðabæjar:** Það hefur ekki verið rætt í þessu sambandi. Mér þætti það óeðlilegt á meðan völlurinn verður hluti af almenningsgarði. Þó gætu komið til girðingar til þess að stöðva það að boltar færum of langt en ekki til að loka vellinum fyrir almenningi.

**Spurning íbúa:** Stendur til að flóðlýsa boltaflötinn?

**Svar skipulagsstjóra Garðabæjar:** Nei, ef svo væri þá þyrfti það að koma fram í deiliskipulagi alveg eins og er á völlum í kringum Ásgarð. En það gæti orðið einhver lát lýsing eins og við göngustíga eða við minni vellina á Ásgarðssvæðinu. Það kemur ekki fram í deiliskipulagi enda grenndaráhrif af því allt önnur en af flóðlýsingu.

Með þessum svörum staðfestir skipulagsstjóri Garðabæjar mörg af þeim atriðum sem kæra undirritaðs nær til vegna yfirstandandi framkvæmda. Sérstaklega ber þar að nefna:

- Deiliskipulag gerir ráð fyrir opnum íþróttavelli fyrir almenning í almenningsgarði. Framkvæmdaleyfi það sem gefið hefur verið út er fyrir aflokaðan æfingavöll fyrir knattspyrnuíðkun á vegum íþróttafélagsins Stjörnunnar. Þess má geta að hvergi á Íslandi finnast dæmi þess að upphitaður flóðlýstur gervigrasvöllur sé hluti af almenningsgarði heldur er slíkt eingöngu að finna innan skilgreindra íþróttasvæða. Hafi Garðabær haft í hyggju að reisa völlum af þessu tagi bar bænum skylda til að upplýsa íbúa um þau áform. Það var ekki gert og því er framkvæmdin ekki í samræmi við auglýst deiliskipulag sem kynnt var íbúum.
- Deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir flóðlýstum íþróttavelli. Framkvæmdaleyfi það sem gefið hefur verið út felur í sér byggingu á fjórum 9,2 metra ljósamöstrum með sterkum ljósköstunum sérhönnuðum fyrir íþróttamannvirki. Samkvæmt upplýsingum frá Garðabæ verður meðalbirtustyrkur á gervigrasvellinum 200 lux en á einstökum svæðum allt að 350 lux. Til

samanburðar er viðmiðunarbirtustig götulýsing á Norðurlöndum 20 lux<sup>1</sup>, þ.e. innan við 10% af því sem framkvæmdaleyfi Garðabæjar gerir ráð fyrir. Kynning Garðabæjar fyrir íbúum á deiliskipulagsbreytingum gengur því í berhogg við það framkvæmdaleyfi sem nú hefur verið gefið út.

Tölvupóstsamskiptin eru fylgiskjal þessarar kæru.

### 3.2.2 Umsögn Skipulagsstofnunar

Á þeim tíma sem Garðabær breytti deiliskipulagi bæjargarðssvæðisins fór samtímis fram breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðisins við Ásgarð. Í janúar 2017 birti Skipulagsstofnun umsagnir sínar um báðar breytingarnar. Umsagnirnar eru fylgiskjöl þessarar kæru.

Í tilfelli Ásgarðssvæðisins eru gerðar alvarlegar athugasemdir við þau gögn sem Garðabær sendi vegna breytinganna, m.a. varðandi skort á upplýsingum um lýsingu svæðisins, notkunartakmarkanir knattsþyrnuæfingasvæða og umhverfisáhrifa á íbúa. Í umsógninni kemur m.a. fram:


**Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveltastjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda sbr. eftirfarandi atriði:**

- Óljóst er hvaða deiliskipulagsskilmálar eru í gildi sem verið er að gera breytingar á.
- Skilmála vantar fyrir byggingarreit íþróttamannvirkis.
- Skilmálar fyrir ljósamöstur eru misvisandi í gögnum (ekki kemur fram hvaða skilmálar eru í gildi en skv. greinargerð er gert ráð fyrir 4 nýjum möstrum sem verða þá 8 á svæðinu, en 7 möstur eru sýnd á uppdrætti bæði fyrir og eftir breytingu).
- Skilmála vantar fyrir ljóskastara á möstrunum, um skermun og takmarkanir sem við geta átt (s.s. á hvaða tímum sólarhrings notkun er heimil).
- Það vantar að gera grein fyrir umhverfisáhrifum breyttrar staðsetningar, hækkunar og fjölgunar ljósamastra á umhverfið (þ.á.m. á íbúa við Stekkjarflöt).
- Jafnframt vantar að gera grein fyrir húsum þeim sem virðast eiga að víkja, þ.e. á nýjum bílastæðum vestan íþróttamiðstöðvar og á lóð Flatarskóla.

Í niðurlagi umsagnarinnar telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að Garðabær auglýsi deiliskipulagsbreytingar á nýjan leik „vegna ofangreindra efnisgalla.“

Í tilfelli bæjargarðs eru hins vegar ekki gerðar neinar efnislegar athugasemdir. Fram kemur að íbúar hafi ekki gert athugasemdir vegna breytinganna. Í þessu samhengi er rétt að benda á hversu ólíkar auglýsingar Garðabæjar voru vegna þessara tveggja svæða. Samanburðurinn sést á myndum 1 og 2.

<sup>1</sup> Sjá upplýsingar frá Reykjavíkurborg, <http://reykjavik.is/thjonusta/gotulysing>



**Mynd 1:** Hluti af uppdrætti Garðabæjar vegna breytinga á deiliskipulagi bæjargarðs. Ný boltafliot er hér sýnd áþekk núverandi boltafliot þó greina megi skírari afmörkun nýja vallarins ásamt fótþoltamörkum, en eldri boltafliotin er án girðingar og vallarmerkinga. Ekki er gert ráð fyrir neinum ljósamöstrum við völlinn.



**Mynd 2:** Hluti af uppdrætti Garðabæjar vegna breytinga á deiliskipulagi Ásgarðssvæðis. Hér eru ljósamöstur skírt afmörkuð. Ljóst er að svæðið verður áfram afgirt og notað sem æfingavöllur innan Ásgarðssvæðisins fyrir Stjörnuna.

Þegar umsögn Skipulagsstofnunar vegna Ásgarðssvæðisins er skoðuð er ljóst að ekki er mögulegt að túlka deiliskipulag bæjargarðssvæðisins á þann hátt að þar eigi að rísa afgirtur gervigrasvöllur með sex ljósamöstrum sambærilegum þeim sem finnast innan Ásgarðssvæðisins. Lýsingin frá ljósamöstrunum er 10 sinnum sterkari lýsingu en frá venjulegum ljósaastaurum. Undir þeim kringumstæðum hefði Skipulagsstofnun gert miklu alvarlegri athugasemdir við gögn Garðabæjar í samræmi við það sem gert var með Ásgarðssvæðið því þeir „efnisgallarnir“ eru þeir sömu. Þá er líka ljóst að ef Garðabær hefði upplýst um slík áform hefðu íbúar gert athugasemdir við deiliskipulagsbreytingarnar.

### 3.2.3 Samantekt

Með tilvísan í umfjöllun undirritaðs í kæru frá 31. maí 2017, með hliðsjón af upplýsingum sem Garðabær kynnti fyrir íbúum í aðdraganda skipulagsbreytinga fyrir bæjargarðssvæði, og með hliðsjón af umfjöllun Skipulagsstofnunar um skipulagsbreytingar Ásgarðssvæðisins, ber að fella framkvæmdaleyfi Garðabæjar vegna ljósaþúnaðar úr gildi þar sem það er ekki í samræmi við deiliskipulag.

### 3.3 Framkvæmdaleyfi má ekki gefa út vegna einstakra áfanga framkvæmdar

Í reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er skýrt kveðið á um að endanleg hönnun framkvæmdar þurfi að liggja fyrir öllum áföngum framkvæmdar þegar framkvæmdaleyfi er gefið út. Þannig segir í 10. gr.

Heimilt er að samþykkja og gefa út framkvæmdaleyfi fyrir matsskyldri framkvæmd þótt nákvæm hönnunargögn liggi ekki fyrir varðandi alla áfanga framkvæmdarinnar. Í framkvæmdaleyfinu skal þá koma fram að fullunnin og samþykkt hönnunargögn skuli liggja fyrir áður en hefja megi framkvæmdir við einstaka áfanga framkvæmdarinnar.

Þann 18. maí 2017 gaf Garðabær út framkvæmdaleyfi vegna jarð- og yfirborðsframkvæmda við gervigrasvöllinn sem var jafnframt fyrsti áfangi verkefnisins. Undirritaður kærði útgáfu þess framkvæmdaleyfis m.a. vegna þess að fullnægjandi hönnunargögn lágu ekki fyrir vegna framkvæmdarinnar jafnvel eftir að hún hófst. Í greinargerð Garðabæjar vegna kærunnar frá 14. júní 2017 viðurkennir Garðabær þennan skort á nauðsynlegum hönnunargögnum. Þar kemur fram:

Hvað varðar lýsingu vallarins, eins og fram kemur í kæru kæranda, þá er í útboðsgögnum gert ráð fyrir 15 metra háum ljósamöstrum en við útsendingu útboðsgagna voru ljósamöstrin skýjuð út og eru ekki hluti af samningi um framkvæmd verksins og að svo stöddu ekki hluti framkvæmdaleyfis. Ástæða þess er að Garðabær hefur leitað sér ráðgjafar til að láta kanna nánar hvaða lýsing hentar best á íþróttavöllum til að draga almennt úr ljósmengun gagnvart næsta nágrenni.

Ennfremur:

eðlilegt getur talist. Þá bendir Garðabær á, eins og fram hefur komið, að bærinn hefur í samráði við íbúa lagt til ýmsar aðgerðir til að milda hugsanleg grenndaráhrif með því að draga úr sýnileika vallarins með landmótun, leitað allra leiða til að ljósmengun verði sem minnst með að hanna lýsingu í sátt við íbúa og setja reglur um notkun vallarins sem eiga takmarka notkun hans að kvöldi til.

Endanleg landmótunargögn hafa ekki verið lögð fram af Garðabæ þó skýr ákvæði séu um slíkt bæði í 4. gr. og 7.gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi. Bærinn hefur heldur ekki sett neinar reglur um notkun gervigrasvallarins þó íbúar hafi ítrekað kallað eftir þeim og Skipulagsstofnun geri kröfur um slíkt. Reglurnar teljast því hluti af hönnunargögnum vallarins.

Útgáfa framkvæmdaleyfis vegna ljósabúnaðar er brot á skipulagslögum þar sem ljósabúnaðurinn er ekki sjálfstæð framkvæmd heldur óaðskiljanlegur hluti af gervigrasvellinum og þannig einn áfangi af stærri framkvæmd. Fullnægjandi hönnunargögn liggja heldur ekki fyrir vegna heildarframkvæmdarinnar. Því ber að fella framkvæmdaleyfi Garðabæjar út gildi.

### 3.4 Kröfur skipulagslaga varðandi öryggi

Í 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 eru sett skilyrði um að í hönnunargögnum framkvæmdar sé gengið úr skugga um að kröfum um öryggi sé fullnægt. Engin umfjöllun um öryggismál er að finna í umsókn um framkvæmdaleyfi Garðabæjar fyrir ljósabúnaðinum. Í kæru undirritaðs frá 31. maí 2017 er farið yfir ástand öryggismála í nágrenni við gervigrasvöllinn og íþróttasvæðið í Ásgarði. Í ljósi þeirrar umfjöllunar er ljóst að kröfum skipulagslaga varðandi öryggismál er ekki fullnægt. Því ber að fella framkvæmdaleyfið úr gildi.

### 3.5 Framkvæmdir við ljósabúnað eru byggingarleyfis skyldar

Samkvæmt framkvæmdaleyfi munu sex ljósamöstur verða reist við gervigrasvöllinn. Í 1.1.2. gr. byggingarreglugerðar 112/2012 kemur fram að möstur falla undir reglugerðina. Ljósamöstur þau sem um ræðir eru því byggingarleyfis skyld.

Í 1.gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi 772/2012 kemur fram að reglugerðin nái eingöngu til framkvæmda sem ekki eru háðar byggingarleyfi. Garðabæ er því ekki heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir ljósabúnaðinum og því ber að fella það út gildi.

### 3.6 Vinnulag leyfisveitanda

Í við byggingu þess gervigrasvallar sem um ræðir, og því framkvæmdaleyfi sem gefið hefur verið út vegna ljósabúnaðar, er Garðabær bæði leyfisveitandi og framkvæmdaaðili. Við slíkar aðstæður gera skipulags- og stjórnsýslulög sérstakar kröfur um faglegan undirbúning og sanngjarna málsmeðferð af hálfu yfirvalds enda eiga íbúar ekki kost á að leita ráðgjafar hjá óvillhölly yfirvaldi telji þeir framkvæmdina ekki í samræmi við lög. Eina úrræði íbúa er að ganga svo langt að kæra viðkomandi framkvæmd.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna ljósabúnaðar, og vegna framkvæmdaleyfis vegna gervigrasvallarins frá 18. maí 2017 sem undirritaður hefur áður kært, hefur Garðabær brugðist þessari lögbundnu skyldu sinni. Vinnulag bæjaryfirvalda hefur verið eftirfarandi:

- Garðabær gaf út framkvæmdaleyfi vegna gervigrasvallarins þann 18. maí 2017 og hóf framkvæmdir strax daginn eftir. Íbúum gafst þar með enginn tími til þess að kynna sér framkvæmdaleyfið og lögbundinn 30 daga kærufrestur íbúa var virtur að vettugi. Nauðsynleg gögn vegna framkvæmdarinnar voru ekki opinber heldur eingöngu aðgengileg útboðsaðilum. Þess má geta að undirritaður skoraði formlega á bæjaryfirvöld að fresta framkvæmdum á meðan íbúar kynntu sér framkvæmdina sem um ræddi. Því var hafnað og því neyddist undirritaður til að kæra útgáfu framkvæmdaleyfisins.
- Bygging gervigrasvallar í bæjargarði með öllum tilheyrandi búnaði og frágangi er augljóslega ein framkvæmd þó hún sé unnin í áföngum. Garðabær hefur kosið að búa framkvæmdina niður og gefa út fjölda framkvæmdaleyfa. Með þessu hefur bærinn komist hjá því að klára hönnun gervigrasvallarins að fullu jafnvel þó framkvæmdir við hann séu nú langt komnar. Með þessu vinnulagi hafa íbúar ekki fengið að vita hvernig endanlegur völlur muni líta út og hvað áhrif hann muni hafa á umhverfið. Það er greinilega einbeitt áætlun Garðabæjar að reisa völlinn án tillits til lögbundna réttinda íbúa í nágrenninu.
- Vinnulag Garðabæjar hefur gert það að verkum að jafnvel þó ÚUA úrskurði íbúum í vil í kærumáli þeirra þá eru hverfandi líkur á að gervigrasvöllurinn verði fjarlægður. Kostnaðurinn við slíkt yrði mjög mikill og lenda á íbúum Garðabæjar. Með því að hraða framkvæmdum á þann hátt sem gert hefur verið hafa bæjaryfirvöld því líklega tryggt að völlurinn standi áfram jafnvel þó bygging hans verði úrskurðuð lögbrot af ÚUA.

Í ljósi þeirrar ábyrgðar sem Garðabær hefur bæði sem leyfisveitandi og framkvæmdaaðili verður að krefjast þess af vinnulagi bæjarins að hann veiti íbúum nægan tíma til þess að kynna sér framkvæmdir sem bærinn stendur sjálfur fyrir, og að verkáætlun geri ráð fyrir að kærumál séu leidd til lykta eftir lögbundnum leiðum áður en framkvæmdir hefjast. Þetta eru kröfur sem skipulags- og stjórnsýslulög gera til stjórnvalds sem situr beggja vegna borðs. Þess er krafist að ÚUA úrskurði að vinnulag bæjarins sé ekki í samræmi við skipulags- og stjórnsýslulög.

#### Hagsmunir kæranda

Árið 2013 keypti undirritaður húsið að Túnfit 1 sem stendur rétt hjá fyrirhuguðum bæjargarði. Við ákvörðun um kaupin kynnti undirritaður sér nákvæmlega aðal- og deiliskipulag Garðabæjar í nágrenni húsnæðisins og voru ákvæði um bæjargarð mikilvægur þáttur í þeirri ákvörðun. Sú umbreyting á svæðinu sem nú stendur fyrir þar sem heillandi útivistarsvæði með fjölbreyttum trjá- og runnagróðri er skipt út fyrir áberandi íþróttamannvirki með skipulögðu íþróttastarfi Stjörnunnar. Þetta er grundvallarbreyting á þeim gæðum sem undirritaður mátti búast við í næsta nágrenni við heimili sitt og auglýst hafði verið af hálfu Garðabæjar.

Undirritaður áskilur sér rétt til að senda frekari gögn til stuðnings kærinni ef/þegar þörf er á.

**Virðingarfyllst,**

**Björgvin Skúli Sigurðsson, Túnfit 1, 210 Garðabæ**

**Listi yfir fylgiskjöl:**

1. Tölvupóstsamskipti Guðjóns Guðmundssonar, íbúa við Túnfit 1, og skipulagsstjóra Garðabæjar frá maí 2016
2. Umsögn Skipulagsstofnunar um breytingu á deiliskipulagi Ásgarðssvæðis, Garðabæ, dags 20. janúar 2018
3. Umsögn Skipulagsstofnunar um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs, Garðabæ, dags 18. janúar 2018

Virðingarfyllt,

  
Björgvin Skuli Sigurðsson, Túnflit 1, 210 Garðabær

Listi yfir fylgiskjöl:

1. Tölvupóstsamskipti Guðjóns Guðmundssonar, íbúa við Túnflit 1, og skipulagsstjóra Garðabæjar frá maí 2016
2. Umsógn Skipulagsstofnunar um breytingu á deiliskipulagi Ásgarðssvæðis, Garðabæ, dags 20. janúar 2018
3. Umsógn Skipulagsstofnunar um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs, Garðabæ, dags 18. janúar 2018



1. Tölvupóstsamskipti Guðjóns Guðmundssonar, íbúa við Túnfit 1, og  
skipulagsstjóra Garðabæjar frá maí 2016

Skjal: 1 Tölvupóstsamskipti Guðjón Guðmundssonar við Garðabæ 2016.pdf

2. Umsögn Skipulagsstofnunar um breytingu á deiliskipulagi

Ásgarðssvæðis, Garðabæ, dags 20. janúar 2018

Skjal: **2 Skipulagsstofnun Ásgarðssvæðis.pdf**

3. Umsögn Skipulagsstofnunar um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs,  
Garðabæ, dags 18. janúar 2018

Skjal: **3 Skipulagsstofnun bæjargarðs.pdf**

